

12. febrúar 2013
1211007

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
b.t. Gauts Sturlusonar, lögfr.
Austurvelli 8-10
150 Reykjavík

Efni: Svar Seðlabanka Íslands við fyrirspurn efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps um breyting á lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði (lykilupplýsingar, markaðssetning, samrunasjóðir, Evrópupassi og höfuðsjóðir og fylgisjóðir), sbr. 106. mál, þskj. 106.

Vísað er til tölvupósts yðar, dags. 24. janúar sl., þar sem óskað var eftir því að fulltrúar Seðlabanka Íslands kæmu á fund efnahags- og viðskiptanefndar þann 25. janúar sl. til að ræða tilgreint álitaefni tengdu breytingu á ofangreindum lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Forsaga máls þessa er sú að með bréfi, dags. 3. desember 2012 (*tilv. 1211007*), svaraði Seðlabanki Íslands spurningu formanns efnahags- og viðskiptanefndar um hvernig fara ætti með sameiningu verðbréfasjóða milli landa í ljósi gjaldeyrishafta. Í svari Seðlabankans kom fram að erfitt væri að svara spurningunni til hlítar, enda mætti gera ráð fyrir að í hverju tilviki kæmu upp atriði sem reyndi á hinar ólíku reglur laga um gjaldeyrismál. Hins vegar mætti gera ráð fyrir að samruni á milli landa myndi ávallt reyna á einhverja af þeim takmörkunum sem fram kæmu í 13. gr. b. og 13. gr. c. laga um gjaldeyrismál. Vegna samruna innlendra verðbréfasjóða myndu koma til skoðunar ákvæði um takmarkanir á fjárfestingum í fjármálagerningum útgefnum í innlendum gjaldeyri, sbr. 13. gr. e. laganna, þ.e. ef erlend verðbréfaeign væri til staðar í þeim lögaðila sem slitið væri og færðist í hendur nýs lögaðila.

Í ofangreindum tölvupósti yðar kemur fram að það efni sem nefndarmenn efnahags- og viðskiptanefndar hafi óskað eftir því að fá að ræða við fulltrúa Seðlabanka Íslands sé nánar tiltekið:

„hvort þetta sé ógn við gjaldeyrishöftin eða hvort þetta gæti verið leið fyrir vogunarsjóði til að stofna verbréfa sjóði hér á landi og koma fjármagni út úr hagkerfinu á þann hátt og að fjallað yrði aftur um hvort þetta geti ógnað snjóhengjunni eða

þeim vanda sem í þeim felst þar sem hagsmunir eru svo miklir að erlendir aðilar geti ekki stofnað verðbréfasjóð á Íslandi og flutt þannig út gjaldeyri.“

Undirritaðir mættu á fund efnahags- og viðskiptanefndar þann 30. janúar sl. þar sem þeir svöruðu spurningum nefndarmanna, er lutu m.a. að ofangreindu, auk þess sem þeim var falið, ásamt fulltrúa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, að aðstoða efnahags- og viðskiptanefnd við að meta efni frumvarpsins með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, (hér eftir lög um gjaldeyrismál) eða hvort það ógnaði með öðrum hætti markmiði þeirra. Fulltrúar Seðlabankans hafa fundað með fulltrúa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna málsins.

Að teknu tilliti til afmörkunar fyrirspurnarinnar vill Seðlabankinn taka eftirfarandi fram:

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hugtakinu samruni, en samkvæmt henni getur samruni í skilningi frumvarpsins verið þrenns konar. Þá er í frumvarpinu gerður greinarmunur á annars vegar innlendum samruna og millilandasamruna hins vegar. Með innlendum samruna er átt við samruna verðbréfasjóða sem hafa staðfestu og staðfestingu hér á landi og hafa ekki markaðssett hlutdeildarskírteini sín í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Með millilandasamruna er í fyrsta lagi átt við samruna verðbréfasjóða þar sem að minnsta kosti tveir verðbréfasjóðanna eru með staðfestu og staðfestingu í mismunandi aðildarríkjum, í öðru lagi er átt við samruna verðbréfasjóða þar sem verðbréfasjóðir með staðfestu og staðfestingu í sama aðildarríki renna saman í nýjan verðbréfasjóð með staðfestu og staðfestingu í öðru aðildarríki og í þriðja lagi er átt við samruna þar sem verðbréfasjóðir með staðfestu og staðfestingu hér á landi, þar sem að minnsta kosti einn verðbréfasjóðanna hefur markaðssett hlutdeildarskírteini sín í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í a-lið 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að verðbréfasjóðir sem hyggist renna saman skuli gera samrunaáætlun. Innlendir samrunar séu einungis heimilir að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Þá séu millilandasamrunar aðeins heimilir að fengnu samþykki lögbærs eftirlitsaðila samrunasjóðs og skuli samruni vera í samræmi við lög og reglur heimaríkis samrunasjóðs. Þá er í b-lið greinarinnar kveðið á um tiltekna upplýsingaskyldu verðbréfasjóða sem hyggist renna saman gagnvart hlutdeildarskírteinis höfum samrunasjóðs og yfirtökusjóðs. Í c-lið greinar frumvarpsins er kveðið á um að hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skuli innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum verðbréfasjóðanna án annars gjalds en þess sem verðbréfasjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna og, ef við á, skal eigendum hlutdeildarskírteina heimilt að óska

eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði með sambærilega fjárfestingarstefnu sem stjórnad er af sama rekstrarfélagi eða félagið sem rekstrarfélagið er tengt í gegnum sameiginlega stjórnun eða beint eða óbeint eignarhald. Jafnframt segir að innlausnarskyldan taki gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildi þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans. Þá er í e- og f-lið 10. gr. frumvarpsins annars vegar kveðið á um fjárfestingar fylgisjóðs í höfuðsjóði og hins vegar fjárfestingarheimildir fylgisjóðs.

Að mati Seðlabankans er ljóst, með vísan til ofangreindra ákvæða frumvarpsins, að innlendir sem og erlendir samrunar og afleiddar eignatilfærslur vegna þeirra geti falið í sér flutning á eignum, í formi lausafjár, í innlendum eða erlendum gjaldeyri, framseljanlegra fjármálagerninga útgefnum í innlendum eða erlendum gjaldeyri eða annarra eigna í innlendum eða erlendum gjaldeyri en slíkar hreyfingar feli í sér fjármagnshreyfingar milli landa sem eru óheimilar samkvæmt ákvæðum laga um gjaldeyrismál, sbr. 13. gr. b. laganna. Í því sambandi er t.a.m. vísað til 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. b. laga um gjaldeyrismál, þar sem segir að meðal þeirra fjármagnshreyfinga milli landa sem óheimilar eru séu viðskipti og útgáfa verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga. Þá segir í 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. b. laga um gjaldeyrismál að inn- og útflutningur verðbréfa og innlands og erlends gjaldeyris séu jafnframt fjármagnshreyfingar milli landa sem séu óheimilar. Í 2. mgr. 13. gr. b. laga um gjaldeyrismál segir að allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í erlendum gjaldeyri séu óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega séu undanþegnar í lögunum. Þá kveður 1. másl. 3. mgr. 13. gr. b. sömu laga á um að allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. milli landa í innlendum gjaldeyri, séu óheimilar.

Líkt og fram kemur í svari Seðlabankans, dags. 3. desember 2012 og gerð er grein fyrir hér að ofan, kunna jafnframt önnur ákvæði laga um gjaldeyrismál að koma til skoðunar, s.s. 13. gr. c., um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum milli innlendra og erlendra aðila, þar sem innlendir gjaldeyri er hluti af viðskiptunum, sem og ákvæði 13. gr. e., um bann við fjárfestingum í framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri, sem og vegna uppgjörviðskipta með fjármálagerninga þar sem uppgjör þeirra fer ekki fram í sama gjaldeyri og útgáfan.

Vegna markaðssetningar erlendra verðbréfasjóða með staðfestu og staðfestingu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á hlutdeildarskírteinum sínum hér á landi sem og markaðssetningu innlendra verðbréfasjóða á hlutdeildarskírteinum sínum erlendis, þá telur Seðlabankinn sérstaklega mikilvægt að skýrt verði kveðið á um, t.a.m. í lykilupplýsingum um verðbréfasjóð, þær takmarkanir á fjármagnshreyfingum á milli landa og gjaldeyrisviðskiptum sem í gildi eru hér á landi samkvæmt lögum um gjaldeyrismál.

Fyrirspurn nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar lýtur jafnframt að því „hvort þetta geti ógnað snjóhengjunni“. Ekki er fyllilega ljóst hvað átt er við með þessum hluta fyrirspurnarinnar en að mati Seðlabankans er ljóst að fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti þeim tengd af þeim toga sem fram kemur fyrir í frumvarpinu gætu valdið alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

Í samskiptum Seðlabankans við fulltrúa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hefur komið fram að það sé mat ráðuneytisins að lög um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, gangi frammar lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, með síðari breytingum. Að mati Seðlabankans er mjög mikilvægt að það sé engum vafa undirorpið að ákvæði laga um gjaldeyrismál, gangi frammar ákvæðum frumvarpsins, verði það að lögum, þannig að að erlendir vogunarsjóðir geti ekki komið eignum eða fjármagni út úr hagkerfinu í gegnum verðbréfasjóði, t.a.m. með samruna við verðbréfasjóði erlendis.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jón Karlsson
forstm. gjaldeyriseftirliti

Guðmundur Sigbergsson
sérfr. gjaldeyriseftirliti